þáttar. Hér kemur einfaldleikinn ljóslega fram ásamt ríkri tilfinningu fyrir valdi línunnar sem tjáningarmiðli ásamt því að kalla fram innsæi fyrir rúmtaki með mismunandi áherzlum. Þetta kemur fram allsstaðar þar sem Barbara notar línuna sem heildaruppistöðu, en þó einna mest í

Myndlist


eftir BRAGA ÁSGEIRSSON


grafíkinni og hinum ýmsu tæknibrögðum hreinnar teikningar, þ.e. blýantsrissi, túski, o.s.frv.

Ég hef áður ritað um ýmsar gerðir veggteppa listakonunnar og ég er í vafa um að sá þáttur listar hennar komi hér nægilega vel til skila, en það er áberandi hve teppið „Narfakotssystkinin" nýtur sín stórum betur á Kjarvalsstöðum en t.d. á haustsýningunni í Norræna húsinu. Þetta teppi sækir stöðugt á meðal skoðenda.

Ég hafði mikla ánægju af að skoða þessa sýningu, og ég varð þess sterklega var við opnunina, hve greiða leið þessi aðlaðandi listakona átti að hugum skoðenda. Hér er einstakt tækifæri fyrir alla listvini að kynnast handbragði og hæfni hinnar mætu listakonu Barböru Árnason, og væri vel að aðsókn að þessari sýningu bæri vott um þróað listmat almennings ásamt þakklæti fyrir leiðsögn og samfylgd.

Bragi Ásgeirsson.





Veggteppi.

Sölumaður Fasteignasala

Óskum eftir að ráða sölumann á fasteignadeild. Skriflegar umsóknir sendist í Pósthólf 561.

Jón Oddsson
hæstarréttarlögmaður,
Garðastræti 2, R.

FLUGUVEIÐI-MENN!

Enn er hægt að fá veiðileyfi í stór-urriðaveiðina í Laxá í S. Þing. — Gisting t.d. í veiðihúsi í Aðaldal, á Skútustöðum eða á tjaldstæðum við ána. Allir fluguveiðimenn velkomnir.

Versl. SPORT
Laugavegi 13
Sími 13508.

tilkynning!

Höfum flutt alla starfsemi okkar á einn og sama stað.
Stórglæsileg verslun á 2 hæðum við Skúlagötu 30.
Bílastæði fyrir framan húsið og nú er einnig fjöldi nýrra bílastæða á baklóð (ekið inn frá Vitastíg).
Vöruúrvalið er meira en nokkru sinni áður. Gjörið svo vel og lítið inn, því við erum sannfærðir um að okkar lausn er betri lausn.

J. ÞORLÁKSSON & NORÐMANN H.F.
Skúlagötu 30 — Sími 11280